

## Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

### Drangsnes

„Þessar aflaheimildir skipta mjög miklu máli fyrir Drangsnes og hafa styrkt fiskvinnsluna og útgerð á Drangsnesi verulega. Árið 2018 bætti Útgerðarfélagið Skúli ehf. við öðrum 15 tonna bát og fjölgaði störfum til sjós og lands úr 5 í 10. Síðan hafa verið ca. 12 mans í Fiskvinnslunni Drangi ehf. og 5 manns hjá ST2 ehf., samtals 27 manns sem starfa beint hjá þeim fyrirtækjum sem koma að þessum samningi. Aflaheimildir sem fyrir eru 400 þorskígildis tonn ásamt 200 tonnum af landaðri grásleppu. Þannig að það munar mikið um þessa viðbót. Óhætt er að segja að þessar heimildir hafi aukið byggðafestu eins og þeim er ætlað og ekki veitir af þar sem dreifbýlið hefur átt í vök að verjast.“

**Óskar Torfason framkvæmdastjóri Drangs ehf og Útgerðafélagsins Skúla ehf.**